

Ljós tjöruolía



Efnislýsing

Ljós tjöruolía gefur viðnum fallett, gráleitt yfirborð og stílhreint útlit. Viðurinn dökkar ekki með tímanum eins og gerist með mörg viðarvarnarefna. Við málun er tjöruolían nokkuð dökk á fletinum en hún lýsist smám saman og eftir nokkra mánuði er viðurinn orðinn jafn ljós og áður en hún var borin á. Vörnin er samt sem áður til staðar.

Ljós tjöruolía byggir á vörnum sjálfrar náttúrunnar. Hún er samsett úr trétjöru (sem er hrein náttúruafurð) og gæða balsamterpentínu. Þegar viðarflötur er meðhöndlaður með efninu færast náttúruleg efni sem sjálft tréð notar sér til varnar yfir á viðarflötinn og hjálpar honum þar með að þola raka á sama tíma og viðurinn nær að anda. Tjöruolían hefur náttúrulega eiginleika til að smjúga djúpt inn í viðinn og verndar hann í mörg ár. Þannig eru minni líkur á að viðurinn þorni og springi – en það gerist einmitt þegar vatn nær að þrengja sér inn í viðinn og þar með brjóta hann niður með tímanum. Ljós tjöruolían kemur í veg fyrir þetta niðurbrotsferli og veitir langvarandi vörn.

Ljós tjöruolía er ætluð til yfirborðsmeðferðar á gagnvörðu timbri, pöllum, garðhúsgögnum, girðingum og ómeðhöndluðu timbri utanhúss. Einnig má nota hana á harðvið eins og sedrusvið o.fl.



Meðhöndlun

Best er að bera Ljós tjöruolíu á í hlýju veðri, minnst við 10°C. Þá er mun léttara að vinna olíuna inn í yfirborðið. Hrærið vel í dósinni áður en byrjað er að mála. Gagnvarið timbur þarf helst að hafa staðið í minnst 1-2 ár áður en borið er á það. Ráðlegt er að bera á palla minnst annað hvert ár. Ekki nota Ljós tjöruolíu á við sem meðhöndlaður hefur verið með þekjandi málningu.

Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Málartvätt og Original Hustvätt. Skolið vandlega eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er. Ef flöturinn hefur áður verið meðhöndlaður með tjöru nægir að bursta óhreinindi í burtu áður en hafist er handa.

Notið pensil eða rúllu. Einnig er má nota málningarsprautu. Þurrkið burt umframolíu eftir 10-20 mínútur svo ekki myndist filma á viðnum og notið til þess klút sem vættur hefur verið í terpentínu eða alkóhóli. Hin þekkt tjöruylkt dofnað fljótlega og er að mestu horfin eftir mánuð.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Litur: Ljósbrúnn

Þynning: Balsamterpentína, EKKI venjuleg terpentína

Þurrktími: Frá nokkrum dögum til nokkurra vikna (fer eftir veðri), hvort timbrið sé hefllað/óhefllað, viðartegund, þykkt og hversu vel tjaran hefur síast inn í yfirborðið

Lágmarkshiti við málun: +10°C

Þekja: 6-10 fermetrar pr. lítra. Fer eftir undirlagi

Pakkningar: 1, 3 og 10 lítra dósir

Hreinsun: Balsamterpentína, alkóhól eða sápuvatn. ATH. ekki venjuleg terpentína

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.): Inniheldur mest 300 g/l.